



2. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 18. júní 2019.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar, Varmá.

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Þórdís Sveinsdóttir (PS), og Erla Edvardsdóttir (EE)

Mættir starfsmenn:

Jón Júlíus Karlsson (JKK), framkvæmdarstjóri, Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi og Svava Sigurðardóttir (SS), fjármálafulltrúi.

Formaður stýrir fundi og ritari ritar fundargerð í tölvu. Fundur hófst kl. 18:00.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar – Til samþykktar

Fundargerð frá fundi aðalstjórnar 20.maí 2019.

Stjórn samþykkti fundargerðina og undirritaði.

2. Stefnumótun – Til umræðu

Íþróttafulltrúi fór yfir framkvæmdaáætlun sem ætlað er að innleiða markmið stefnumótun félagsins. Framkvæmdaáætlunin skilgreinir innleiðingu markmiða, ábyrgðaaðila, tímabil og mælieiningu. Íþróttafulltrúi mun senda tillögu að framkvæmdaáætlun á stjórn til yfirferðar.

Stjórn gerði engar athugasemdir.

3. Tímatöflur – Til umræðu

Íþróttafulltrúi fór yfir tímatöflu fyrir næsta vetur.

Fyrstu íþróttæfingar dagsins hefjast kl. 15 þar sem Krikaskóli er með kennslu til 14.30.

Rætt um mögulegar tilfæringar á milli greina. Allar deildar hafa fengið útdelt þeim æfingartímum sem hentar þeim.

Rætt um kröfur formanns Blakdeildar varðandi tímatöflu næsta vetrar. Ákveðið að boða formann Blakdeildar á fund með aðalstjórn, næsta miðvikudag 19. júní, kl. 17.00.

Stjórn gerði engar athugasemdir.



4. Skipting á framlagi bæjarins til BUR – Til samþykktar

Gjaldkeri fór yfir tillögu að skiptingu rekstrarstyrks Mosfellsbæjar til BUR. Rekstrarstyrkur er 11,6 mkr. fyrir tímabilið. Lagt er til að fastur styrkur til allra deilda verði 150 þús. fyrir tímabilið. Restin er skipt niður mv. iðkenndur og æfingartímabil. Heildarrekstrarstyrkur fyrir árið er 23,2 mkr.

Farið yfir tillögu að skiptingu á styrk frá Bakka vegna 2019 milli ráða blaks, körfubolta, handbolta og fótbolta. Heildarframlag er 2,2 mkr. á ári í 3 ár. Tillaga gjaldkera er að allar deildirnar fá 200 þús. og skipta restinni miðað við iðkendafjölda.

Stjórn samþykkti tillögur gjaldkera.

5. Úthlutun líkamsræktarkorta frá Eldingu – Til umræðu

Félagið fær til úthlutunar 150 líkamsræktarkort í Eldingu, sem hafa farið til meistaraflokkanna og þeirra iðkenda sem sinna landsliðsverkefnum. Til þess að fullnýta kortin sem við fáum var rætt um að deildir geti sótt um fyrir elstu flokka. Framkvæmdastjóri útfærir verklagslegu þannig að deildum verði kleift að sækja um fyrir sína iðkendur.

Formaður knattspyrnudeildar hefur óskað eftir að nýta þau líkamsræktarkort sem hafa ekki þegar verið úthlutað til annarra deilda núna í sumar ár fyrir iðkendur í 2. flokki. Framkvæmdastjóri mun fara yfir hver staðan er á úthlutunni.

Stjórn gerði engar athugasemdir.

6. Önnur mál

Rætt um fjárhagsstöðu deilda og möguleika á að taka stöðuna á deildunum í lok sumars þegar búið er að bóka fyrstu 8 mánuði ársins og æfingargjöld haustsins hafa skilað sér inn.

Úthlutun sumarstarfsmanna frá Mosfellsbæ á milli deilda. Framkvæmdastjóri setti fram tillögu um skiptingu á milli deilda sem almenn ánægja var með.

Rætt um að boða formenn allra ráða á fund ásamt stjórn knattspyrnudeildar til að stilla saman strengi fyrir komandi starfsár.

Ekki var fleira rætt og fundi slitið 19:30.



Fundargerðin er samþykkt.

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður

Kristrún Kristjánsdóttir, varaformaður

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri

Geirarður Long, meðstjórnandi

Gunnar Skúli Guðjónsson, varamaður

Erla Edvardsdóttir, varamaður

Þórdís Sveinsdóttir, ritari

Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri

Hanna Björk Halldórsdóttir, íþróttafulltrúi